Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2026 - 2027

Námsgrein: Stærðfræði

Árgangur: 1. bekkur

Kennari: Þorbjörg Erla Jensdóttir
María Ösp Árnadóttir

Netfang: thorbjorg@klaustur.is
maria@klaustur.is

Almennt: Megin tilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður í daglegu lífi, leik og starfi.

Helstu markmið: Hæfniviðmið í stærðfræði eru sett fram í fimm flokkum, þ.e. vinnulag stærðfræðinnar sem á að vera gegnumgangandi í öllu námi og kennslu í stærðfræði, tölur og reikningur, algebra, tölfræði og líkindi og rúmfræði og mælingar. Þótt hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

Helstu markmið í stærðfræðikennslu í 1. bekk er að þau kynnist grunninum að stærðfræðinni. Nemendur æfa sig í að flokka og telja, kynnast formum og mynstrum, læra tölurnar frá 0-20, kynnast plús og mínus og aðferðum til að mæla.

Hlekkur að aðalnámskrá í stærðfræði: https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-25-staerdfraedi-2024

Námsgögn: Sproti 1a og Sproti 1b ásamt æfingaheftum, Evolytes stærðfræði í bók og spjaldtölvu. Spil, þrautir, leikir, aukahefti/-blöð frá kennara og annað ítarefni.

Tímabil	Verkefni	Kennsluaðferðir	Tenging við lykilhæfni og hæfniviðmið
Haustönn: Sproti 1a		Innlögn á töflu: Viðfangsefni sýnd á skjá	**Verkfæri og hlutbundin gögn**

Ágúst- September Október Nóvember Desember **Vorönn:** Sproti 1b Janúar Febrúar Mars Apríl Maí	Flokkun Talning Form og mynstur Tölurnar 1 – 3 Tölurnar 4 – 6 Tölurnar 7 – 10 100 daga hátíð Mælingar Plús og mínus Tölurnar 0 - 20 Form og myndir	Reiknað á töflu og í námsbækur Sjálfstæð vinna í bókum Samvinna og umræður Þrautir Stærðfræðileikir og spil. Útikennsla með áherslu á stærðfræði, talningu og flokkun o.fl. Hópavinna á fjölbreyttum stöðvum með áherslu á stærðfræði í gegnum leik og gagnvirka kennslu.	nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum. **Samræður og tjáning** Tekið þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleiðir. **Röðun talna og talnamengi** raðað náttúrulegum tölum og einföldum brotum eftir stærð. **Mynstur** kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs. **Tölfræðikannanir** Talið, flokkað og skráð, lesið og túlkað niðurstöður og sett upp einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja. **Táknmál og hugtök** Notað rétt heiti yfir stæðfræðitákn og nýtt þau rétt við útreikninga. **Þróun aðferða** Þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum. **Fjármál** notað grunnreikniaðgerðir til að finna lausnir á og takast á við verkefni daglegs lífs og fjármála og skilið verðgildi peninga.

Námsmat:

- Skilningur á viðfangsefni, frágangur og vinnusemi í tímum, vinnubækur, óformlegar kannanir (símat).

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.